

FRÁSÖGN

af fundi þingmannanefndar og ráðherra EFTA í Schaan 20.-22. júní 2011

Í Schaan í Liechtenstein fór fram hefðbundinn fundur þingmannanefndar og ráðherra EFTA auk þess sem þingmannanefndin hélt sameiginlegan fund með ráðgjafanefnd EFTA og eiginlegan nefndarfund. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundina Árni Þór Sigurðsson formaður, Valgerður Bjarnadóttir varaformaður, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir og Þorgerður K. Gunnarsdóttir auk Stígs Stefánssonar ritara.

Á fundi þingmannanefndar EFTA var m.a. fjallað um stöðu EES-samstarfsins. Svein Roald Hansen, formaður norsku landsdeildarinnar, ræddi yfirstandandi úttekt Norðmanna á EES. Von er á lokaskýrslu nefndarinnar sem sér um úttektina fyrir lok árs og viðbrögðum ríkisstjórnarinnar nokkru síðar. Harry Quaderer, formaður landsdeildar Liechtenstein, ræddi úttekt á EES sem þegar hefur verið gerð í Liechtenstein. Sagði hann niðurstöður að mestu jákvæðar en lýsti áhyggjum af mjög ströngum reglum um fjármálastarfsemi og mismunun banka eftir ríkisfangi. Í því sambandi nefndi Quaderer að stærsti banki Liechtenstein, LGT, hefði þurft að hverfa frá yfirtöku á stórum þýskum banka vegna andstöðu þýska fjármálaeftirlitsins. Valgerður Bjarnadóttir sagði það hafa komið fram hjá utanríkisráðherra að ekki væri talin þörf á hliðstæðri úttekt á EES á Íslandi, annars vegar vegna aðildarviðræðna við ESB og hins vegar vegna skýrslu Evrópunefndar forsætisráðherra frá árinu 2007 um tengsl Íslands og Evrópusambandsins. Þar var bent á ýmis tækifæri í EES-samningnum sem Íslendingar gætu nýtt betur en Valgerður sagði að lítið hefði verið gert með tillögur nefndarinnar. Þá gerði Valgerður stuttlega grein fyrir breytingum á þinglegri meðferð EES-mála á Alþingi eftir að nýjar reglur þar um tóku gildi 1. október sl.

Á sameiginlegum fundi þingmannanefndar og ráðgjafanefndar EFTA var sjónum beint að neitunarvaldi EES/EFTA-ríkja skv. 102. gr. EES-samningsins. Knut Almestad, fv. forseti Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, flutti framsögu um málið og velti fyrir sér hvort neitunarvaldið væri yfir höfuð virkt. Í umræðunni sem á eftir fylgdi sagði Árni Þór Sigurðsson að neitunarvaldið hefði verið grundvallaratriði í þinglegri umræðu á Íslandi um EES-samninginn þegar hann var til afgreiðslu á Alþingi á sínum tíma. Umræðan um áhrif samningsins á fullveldi Íslands hefði orðið allt önnur ef sá skilningur hefði ekki verið fyrir hendi að neitunarvaldið væri raunverulega til staðar. Spurði Árni Þór hvort líta bæri á 102. gr. sem dauðan bókstaf og taldi nauðsynlegt að fá skorið úr hvort svo væri. Almestad sagði 102. gr. ekki á sviði ESA eða EFTA-dómstólsins og því væri ekki hægt að fá úrskurð dómstóla um neitunarvaldið. Neitunarvaldið væri pólitískt og væri því beitt væru afleiðingar þess fyrst og fremst pólitískt úrlausnarefni. Hægt væri að beita neitunarvaldi en það væri þess eðlis að það kæmi í veg fyrir lagalegt samræmi á innri markaðnum sem er forsenda markaðarins. Þar með mundi beiting neitunarvalds grafa undan EES-samningnum.

Í lok fundar þingmannanefndar og ráðgjafanefndar EFTA var ákveðið að gangast fyrir sameiginlegri ráðstefnu nefndanna tveggja í nóvember nk. Hefð hefur verið fyrir slíkum ráðstefnum á tveggja ára fresti. Efni ráðstefnunnar verður úttektarstarf stjórnvalda í Noregi og Liechtenstein og Evrópusambandsins á EES.

Á sameiginlegum fundi þingmanna og ráðherra EFTA var annars vegar fjallað um þróun í samstarfi EFTA við þriðju ríki og gerð fríverslunarsamninga, og hins vegar um framkvæmd EES-samningsins, en það eru fastir dagskrárliðir á slíkum fundum. Fríverslunarsamningum hefur fjölgað ört á undanförunum árum. Á fundinum fór Aurelia Frick, utanríkisráðherra Liechtenstein, yfir stöðu og horfur fríverslunarsamninga EFTA. Í máli hennar kom m.a. fram að fríverslunarsamningur EFTA við Hong Kong hefði verið undirritaður sama dag. Nýmæli í samningnum væri ákvæði um sjálfbæra þróun en samkvæmt ákvörðun ráðherra EFTA frá júní

2011 er stefnt að því að fá inn ákvæði um umhverfisvernd og vinnuvernd í fríverslunarsamninga í framtíðinni. Fleiri fríverslunarsamningar eru í bígerð og eru formlegar viðræður í gangi við Rússland, Hvíta-Rússland og Kasakstan (sameiginlegar viðræður þar sem ríkin mynda tollabandalag) auk Indónesíu, Indlands, Bosníu og Hersegóvínu og Svartfjallalands. Þá er vonast til þess að samningaviðræður geti hafist við Malasíu og Víetnam innan tíðar en hagkvæmnisathuganir, sem jafnan eru undanfari eiginlegra viðræðna, hafa skilað jákvæðri niðurstöðu. Árni Þór Sigurðsson spurðist nánar fyrir um gang viðræðna við Indland þar sem svo virtist sem EFTA hefði dregist aftur úr ESB í samningaviðræðum. Frick svaraði því til að indversk stjórnvöld hefðu sjálf ákveðið að láta samningaviðræður við EFTA og ESB fara fram samhliða og að viðræðulotur við EFTA væru orðnar 8 en 15 viðræðulotur hefðu farið fram við ESB. Það væri hins vegar von EFTA að hægt yrði að ganga frá fríverslunarsamningi við Indland um svipað leyti og ESB gerir það. ESB hefði sem sterkara markaðssvæði eðlilega meiri skriðþunga í viðræðunum en EFTA fylgdi á eftir.

Í umræðum þingmanna og ráðherra EFTA um framkvæmd EES-samningsins var m.a. komið inn á umfangsmikla endurskoðun á regluverki fjármálaþjónustu innan ESB. Árni Þór Sigurðsson spurðist fyrir um innstæðutryggingakerfi í þessu sambandi og hvernig farið hefði með reglur um þær í þessu ferli. Þar væri mikilvægast að slá því föstu hvort ríkisábyrgð væri á bak við innstæðutryggingar. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði ESB breyta reglum eftir pólitískum hentugleika og hvatti til þess að EFTA-ríkin stæðu föst fyrir gagnvart slíku og krefðust þess að farið væri að lögum og reglum. Dæmi um pólitíska eftirábreytingu á reglum væri sú túlkun að ríkisábyrgð væri að baki innstæðutryggingum eins og Íslendingar hefðu verið krafðir um. Þá sagði Sigmundur Davíð EFTA verða að búa sig undir mögulegt hrun á evrusvæðinu og taldi að EFTA byggi andstætt ESB við þá stöðu að þurfa ekki að vera í afneitun gagnvart þeirri grafalvarlegu stöðu sem upp væri komin á evrusvæðinu.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.efta.int.